


Viðskiptavinahópar

Síðast uppfært 28/07/2026 3:56 pm BST

Ert þú með hóp viðskiptavina sem að fær alltaf afslátt og villt ekki þurfa að muna það í hvert skipti? Villtu senda út herferð á ákveðna viðskiptavini?

Hvernig bý ég til viðskiptavinahópa?


1. Farðu inn í **Viðskiptavinir** í hliðarstikunni.
2. Finndu viðskiptavin sem þig langar til þess að bæta í viðskiptavinahóp.
3. Smellir á **"bæta inn í viðskiptavinahóp"**.



4. Ýttu síðan á **+ Nýr viðskiptavinahópur** og gefðu honum titil.

+ Nýr viðskiptavinahópur

Næsta skref er að setja upp reglu fyrir þann viðskiptavinahóp, til dæmis ef sá hópur á að vera með einhvern ákveðin afslátt af þjónustum. Færðu þig yfir í **Þjónustur** -> veldu þá þjónustu sem þú villt hafa lægra verð fyrir -> **Bæta við verði** -> **Nýtt verð fyrir viðskiptavinahóp**.



Þegar það er komið þá er afar auðvelt að bæta við fleirum í viðskiptavinahópa hjá þér. Þú getur til dæmis gert það beint í gegnum tímabókun í dagatalinu með því að opna bókuninu og skrollað niður þar til þú sérð **"bæta inn í viðskiptavinahóp"**.

Hvers vegna að nota viðskiptavinahópa?

1. Viðskiptavinahópar geta verið afar sniðugir þegar þú ert með sjálfsafgreiðslukerfið. Þá mun kerfið lesa í verðið sem er sett fyrir hópinn sem viðkomandi er í þegar hann greiðir í gegnum sjálfsafgreiðslukerfið.
2. Til þess að senda út sms herferðir á ákveðna hópa. [Ýttu hér](#) ef þú vilt læra hvernig þú sendir út sms herferðir.
3. Þegar þú ert að nota Noona Pay (fyrirframgreiðslur) en þá fær viðkomandi rétt verð upp á Noona appinu þegar hann bókar út frá því í hvaða viðskiptavinahópi viðkomandi er í.

Eins og alltaf, ekki hika við að heyra í okkur ef þú ert með einhverjar spurningar, hugmyndir eða vangaveltur? Þú getur sent okkur skilaboð í spjallbúubluna eða á netfangið hq@noona.is.
